

V. HEIMILD TIL GJALDSKRÁRBREYTINGA

Hreppsnefnd Miðneshrepps er heimilt að hækka eða lækka gjöld skv. gjaldskrá þessari um allt 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda verði breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur. Hækki innkaupsverð á raforku, kaupgjald eða verðlag er hreppsnefnd heimilt, að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsreikninga um allt að 50% af hækkunni.

Söluskattur er innifalinn í gjaldskránni svo og viðlagasjóðsgjald.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Miðneshrepps og Rafveitu Grindavíkur nr. 88 14. mars 1973.

Iðnaðarráðuneytið, 7. desember 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

7. desember 1973.

Nr. 376.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Keflavíkur og Rafveitu Gerðahrepps.

I. RAFORKA

Rafveita Keflavíkur og Rafveita Gerðahrepps selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

11. Um kWst.-mæli á kr. 16.50 hver kWst.
12. Um kWst.-mæli á kr. 6.45 hver kWst., auk fastagjalds, er nemi kr. 72.90 á ári af hverjum fermetra gólfplatari í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 25.00 af fermetra á ári.

B. Almenn heimilisnotkun.

21. Um kWst.-mæli á kr. 3.75 hver kWst. Auk þess skal greiða fastagjald kr. 28.75 á mánuði af hverju herbergi íbúðar. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m² skal teljast hálf, og stærra en 25 m², sem tvö. Leiga af einum mæli er innifalinn í fastagjaldinu.

Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m², má miða við sameiginlegt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m² jafngilda einu herbergi og 6 m² hálfu herbergi.

C. Vélanotkun.

31. Um kWst.-mæli á kr. 9.15 hver kWst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 1 817.50 á hvert uppsett kW vélanna.
32. Til fiskiðnaðar, með fasttengdum vélum kr. 3.75 hver kWst.
33. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk, kjöt eða mjólkuriðnað er yfir 20 kW.

- a. Um kWst.-mæli á kr. 2.63 hver kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en $1\frac{1}{2}$ klst. í senn. Notandi kosti klukkurofa fyrir vélalagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilskildum tíma.
 - b. Um tvígjaldsmæli á kr. 15.75 hver kWst. í $1\frac{1}{2}$ klst. tvisvar sinnum á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1 klst. í senn, en kr. 2.95 hver kWst. utan þess tíma.
 - c. Um tvígjaldsmæli á kr. 15.75 hver kWst. í $1\frac{1}{2}$ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en 1 klst. í senn en kr. 2.95 hver kWst. utan þess tíma.
34. Um mæli á kr. 3 390.00 fyrir hvert kW mesta notaðs afls á árinu mælt sem 15 mínútna meðalág og auk þess kr. 1.80 á notaða kWst.
35. Ef ekki eru tók á að mæla mesta notaða afl má selja þannig:
Um mæli á kr. 2 230.00 fyrir hvert uppsett kW vélanna og auk þess kr. 1.80 á notaða kWst.
Ef fastvikstuðull er lægri en 0.85 getur rafveitan krafist af notanda, að hann sé hækkadur upp í það gildi.
Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra straumfrekra tækja, sem valda tilfinnanlegum spennutruflunum eða takmarka notkun þeirra við tiltekinn tíma sólarhrings.

D. Hitun.

41. Um kWst.-mæli á kr. 2.20 hver kWst., án rofs.
42. Um kWst.-mæli á kr. 1.10 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en $1\frac{1}{2}$ klst. í senn.
43. Um kWst.-mæli á kr. 0.60 hver kWst., í 9 klst. á tímanum frá kl. 22.00—07.00.
Í gjaldskránni er verð til hitunar miðað við söluverð dísilolíu í Keflavík kr. 5.80 hver lítri. Fyrir hverja 10 aura, sem olían lækkar eða hækkar, lækkar eða hækkar kWst. um: Á gjaldskrárlið 41 3 aura, gjaldskrárlið 42 1.7 aura og gjaldskrárlið 43 1 eyri.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Rafveitan leggur til álagsstýringarrofa og annast viðhald þeirra. Kostar notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mæla.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillir notaður.

E. Önnur raforkusala.

51. Raforku til suðu má selja til gísthúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða, á kr. 4.90 hver kWst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.
52. Til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli á kr. 9.25 hver kWst.
53. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 1.15 hver kWst. ef straumur er rofinn frá kl. 8.30 til kl. 22, eða um tvígjaldsmæli á kr. 1.50 hver kWst. á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og kr. 3.75 hver kWst. frá kl. 8.30 til 22.
54. Til gatnalýsingar á kr. 3.75 hver kWst.
Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1.

Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó — að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá gjaldskrárlið C—E (háðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Enn fremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

II. MÆLALÆIGUR

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjunum, sem hér segir:

1. Af einfasamælum upp að 30 amp.	kr. 25.00
2. Af þrífasamælum upp að 50 amp.	— 30.00
3. Af þrífasamælum 50 til 200 amp.	— 75.00
4. Af þrífasamælum yfir 200 amp.	— 112.50
5. Af álagsstýringarliðum	— 112.50

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan er innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, svo til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 562.50.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi enduropnuð fyrir en notandinn hefur greitt kr. 562.50 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helstu raforkunotkun.

Ein heimtaug er lögð að hverri eign (á sömu lóð) og skal greitt heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennist.) fyrir allt að 15 m jarðstrengsheimtaug frá jarðstrengskerfi og allt að 30 m loftlínuheimtaug frá loftlínukerfi, samkvæmt eftirfarandi töflu:

Gjaldskrárliður	Málstraumur stofnvara		Hámarks- afl kVa.	Heimtaugar- gjald
	í 3 × 220 V kerfi Amp.	í 3 × 380 V kerfi Amp.		
1.	2 × 60	1 × 60	13	14 660.00
2.	3 × 60	2 × 60	22	19 360.00
3.	3 × 100	3 × 60	38	27 660.00
4.			50 sp.	32 760.00
5.		3 × 100	66	45 500.00
6.	3 × 200		75	55 320.00
7.			100 sp.	65 510.00
8.	3 × 350	3 × 300	132	90 760.00
9.			150 sp.	104 150.00
10.			200 sp.	131 030.00
11.		3 × 350	231	151 020.00
12.			300 sp.	209 670.00
13.			500 sp.	348 380.00

sp = spennir.

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæru leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa kassa á innvegg skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn verður dreginn í.

Sé jarðlínuheimtaug lögð frá loftlínu (samkv. ósk heimtaugarbeiðanda) skal lengd heimtaugar reiknuð frá loftlinustólpa að inntakskassa, en þveri heimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar dregin frá.

Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 m þannig: $Yj = (300 + 4 \times KVA)$ kr./m.

Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 m þannig: $YL = (200 + 3 \times KVA)$ kr./m að viðbættum kr. 7 330.00 á hvern staur í umfram-lengd.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greitt fyrir hana, sem hér segir:

60 amp. einfasa	kr. 3 590.00
60 amp. þrífasa	— 4 720.00

Séu aðstæður þannig, að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkvæmt kostnaði.

Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun samkvæmt gjaldskrá.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar.

Þegar lóð er lögð til er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni, í leiguformi t. d. fyrir lengri tíma — og kemur til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi. Helmingur heimtaugargjalds skal greiddur við umsókn, en síðari hlutinn áður en notkun hefst.

Söluskattur skv. lögum og viðlagagjald skv. lögum nr. 4/1973 er innifalinn í gjaldinu, nema af raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi, sem rafveitunefndir Keflavíkur og Gerðahrepps hafa samið og bæjarstjórn og sveitarstjórn samþykkt, staðfestist hér með skv. vatnalögum nr. 15 20 júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt eru úr gildi numdar gjaldskrá Rafveitu Keflavíkur og Rafveitu Gerðahrepps, nr. 89 15. mars 1973.

Iðnaðarráðuneytið, 7. desember 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.